

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

22. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 14. febrúar kl. 9:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir, Ásgeir Hólm Agnarsson og Elín Gylfadóttir.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Elsa. G. Borgarsdóttir varaoddvit setti fundinn.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Þing Sambands íslenskra sveitarfélaga - kjörbref.
2. Sameining sveitarfélaga - þingsályktunartillaga Samgöngu- og sveitarstjornarraðuneytisins.
3. Umsagnarmál, þingmál.
4. Fundargerð skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefndar.
5. Heilsueflandi samfélag. Til skoðunar.
6. Úthlutunarreglur fyrir byggðarkvóta.
7. Skýrsla sveitarstjóra.

Afgreiðsla erinda:

1. Þing Sambands íslenskra sveitarfélaga - kjörbref. -
Sveitarstjórn ákveður að oddviti (Samúel Kristjánsson) fari með atkvæði Súðavíkurhrepps á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín Birna Gylfadóttir til vara.
2. Sameining sveitarfélaga - þingsályktunartillaga Samgöngu- og sveitarstjornarraðuneytisins.
Sveitarstjóra falið að kanna frekar með sameiningarmöguleika og meta stöðu Súðavíkurhrepps varðandi sameiningarmál almennt.
3. Umsagnarmál, þingmál, fundargerðir.
Umsögn um þingsályktun – mál 299. í umsagnarferli á Alþingi. Súðavíkurhreppur fagnar framkominni þingsályktun en harmar samráðsleysi um framkvæmdir sem varða sveitarfélagið. Mikilvægt er að göng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar verði sett á samgönguáætlun 2020-2034. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps áréttar að mikilvægt sé að skoðuð verði vel staðsetning ganga þannig að vegalengd milli byggðakjarnanna verði sem styst.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl., með síðari breytingum (ókeypis lóðir), 50. Mál. Engar athugasemdir.
Þingsályktun um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 64. mál. Engar athugasemdir.

Frumvörp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 457. mál. Engar athugasemdir.

Fundargerð 878. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð kynnt og samþykkt.

4. Fundargerð skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefndar.

Fundargerð samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna máls 2002001 – Djúpvegs um Hattardalsá (Djúpvegur 61). Fundargerð samþykkt í heild.

5. Heilsueflandi samfélag. Til skoðunar.

Sveitarstjórn vill halda áfram með verkefnið Heilsueflandi samfélag og sveitarstjóra falið að fylgja verkefninu eftir. Koma til framkvæmda þeim tillögum sem þegar hafa verið lagðar fram.

6. Úthlutunarreglur fyrir byggðarkvóta.

Karl Guðmundur Kjartansson vikur af fundi undir þessum lið. Lagt fram til kynningar og rætt, frestað til næsta fundar.

7. Skýrsla sveitarstjóra.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.


Elsa G. Borgarsdóttir


Elín Gylfadóttir


Karl Guðmundur Kjartansson


Ásgeir Hólm Agnarsson